

Alþingi
Erindi nr. P 128/1697
komudagur 13.3.2003



Alþingi Íslendinga
Helga E. Þórisdóttir, nefndarritari
150 REYKJAVÍK


FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804
Netfang: postur@fel.stjr.is
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 11. mars 2003
Tilvísun: FEL03020046/0004/IB/--

Hér með fylgir umsögn félagsmálaráðuneytis til félagsmálanefndar Alþingis um þingsályktunartillögu um könnun á umfangi fátæktar, sbr. bréf yðar dags. 12. febrúar sl.

F. h. r.


Hermann Sæmundsson


Ingibjörg Broddadóttir

11. mars 2003

Umsögn félagsmálaráðuneytis um þingsályktunartillögu þar sem lagt er til að félagsmálaráðherra verði falið að láta fara fram úttekt á umfangi, orsökum og afleiðingum fátæktar á Íslandi, bæði félagslegum og fjárhagslegum, með það að markmiði að leggja fram tillögur um úrbætur sem treysti öryggisnet velferðarkerfisins.

Félagsmálaráðuneytið telur að svo komnu máli ekki tilefni til að framangareind úttekt fari fram og bendir í því sambandi á eftirfarandi atriði:

Á vegum forsætisráðuneytis starfar nú vinnuhópur um fátækt. Í hópnum eiga sæti fulltrúar frá forsætis-, félagsmála-, fjármála- og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Starfshópnum var falið eftirfarandi verkefni:

Skilgreina fátækt,

Greina þá hópa hér á landi sem kynnu að falla undir þá skilgreiningu

Benda á mismunandi aðgerðir sem gætu komið að gagni.

Fyrsti fundur þessa samráðshóps var í janúar sl. og er skýrslu að vænta innan skamms þar sem fram fjallað verður um framangreind atriði.

Haustið 2001 skipaði fjármálaráðherra nefnd með aðild Alþýðusambands Íslands, fjármálaráðuneytis og Þjóðhagsstofnunar til að kanna kosti og galla þess að taka upp fjölþreparekjuskatt hjá einstaklingum. Þessi nefndarskipan var í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar sem tekin var eftir viðræður við fulltrúa Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins vorið 2001. Nefndinni var einnig falið að kanna forsendur þess að vinna upplýsingar um viðmiðunareglur fyrir mismunandi fjölskyldur sem nota má meðal annast við útreikning á greiðslubyrði, félagslegum bótum og við mat á breytingum á skatt og bótakerfi. Nefndin er langt komin með sitt verk og gert er ráð fyrir að skýrslu sé að vænta á næstu vikum.

Á vegum Hagstofunnar fer árlega fram úrvinnsla á dreifingu tekna samkvæmt skattagögnum. Ennfremur birtir Hagstofna árlega ýmsar aðrar tölfræðilegar upplýsingar, m.a. um fjárhagsaðstoð á vegum félagsþjónustu sveitarfélaganna sem veitir all nokkra yfirsýn yfir það svið. Hagstofan er aðili að EU-SILC (European Statistic of Income and Living Conditions) og mun frá og með árinu 2004 birta upplýsingar um tekjudreifingu og fátækt með sambærilegum hætti og gert er í aðildarlöndum Evrópusambandsins. Með þeim hætti verður mögulegt að bera saman fjárhagslegar aðstæður íslenskra heimila við heimili í öðrum löndum innan Evrópusambandsins.

Í ljósi þess sem að framan er greint telur félagsmálaráðuneytið ekki tímabært að framangreind úttekt fari fram.